

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 21. október kl. 10:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri, þegar fjallað var um breytingar á vinnureglum vegna sameiningar sveitarfélaga undir lið 4 og Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, þegar fjallað var um fjárhagsstöðu Sólheima undir lið 15.

Fjarverandi voru Bjarni Jónsson, nefndarmaður og Bergur Sigurjónsson, starfsmaður Jöfnunarsjóðs.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 21. september 2016

Lögð fram fundargerð frá 21. september 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. október 2016 ásamt drögum að greiðslu- og rekstraráætlun 2017.

Í minnisblaðinu koma fram helstu forsendur sem gengið er út frá við gerð greiðslu- og rekstraráætlunar fjárhagsársins 2017. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 673.969 m.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2016 verði um 1.3150.000 m.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2017 verði 1.370.000 m.kr.

*Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 samþykkt án athugasemda.*

### 3. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 10. október 2016 ásamt bréfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga dags. 18. október 2016.

Í erindi Innheimtustofnunar kemur fram áætlun um innheimtu meðlaga og áætlaða fjárförf úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2017. Stofnunin áætlar að innheimt meðlög nemi alls um 3.300 m.kr. og að áætluð fjárförf úr Jöfnunarsjóði nemi um 750 m.kr. á árinu 2017.

*Nefndin samþykkti framlagða áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2017 um 750 m.kr. áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði.*

#### 4. Framlag vegna sameiningar sveitarfélaga

a. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. október 2016.

Í minnisblaðinu kemur fram að árið 2017 sé síðasta árið sem sameinað sveitarfélag Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness nýtur framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna skerðingar á jöfnunarframlögum sbr. e-lið 1. gr. rgl. nr. 295/2003. Í minnisblaðinu koma fram upplýsingar og forsendur fyrir útreikningi framlagsins til Garðabæjar. Samkvæmt framlögðum útreikningum er lagt til að framlag í kjölfar sameiningar, sbr. e-lið 1. gr. rgl. nr. 295/2003, nemi samtals 137.862.567 kr. vegna fjárhagsársins 2017.

*Nefndin samþykkti framlagða útreikninga og að Garðabæ yrði greitt framlag árið 2017 vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar sbr. e-lið 1.gr. rgl. nr. 295/2003 að fjárhæð 137.862.567 kr.*

b. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 18. október 2016, bréf samstarfsnefndar vegna sameiningar Skaftárhrepps, Djúpavogshrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 16. október 2016, skýrsla KPMG um sameiningu þessara sveitarfélaga 30. september 2016 auk vinnureglna Jöfnunarsjóðs um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. rgl. nr. 295/2003 samþykktar 18. júlí 2016.

Í erindi sveitarfélaganna er óskað eftir því að nýlega uppfærðar vinnureglur Jöfnunarsjóðs um fjárhagsaðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga verði endurskoðaðar til samræmis við framlagða áætlun um fyrirsjáanlegan kostnað sveitarfélaganna þriggja vegna undirbúnings fyrirhugaðrar sameiningar. Samkvæmt vinnureglum næmu framlög Jöfnunarsjóðs á grundvelli vinnureglna sjóðsins um 7.433.000 kr. en kostnaðaráætlun sveitarfélaganna vegna vinnu við undirbúnings sameiningar hljóðar uppá 17.321.500 kr.

Fram kom á fundinum að í ljósi mikils mismunar á framlögum sjóðsins og áætlunar um kostnað við undirbúning sameiningarinnar þá væri það vilji innanríkisráðuneytisins að nefndin taki vinnureglur frá 18. júlí 2016 til endurskoðunar.

*Nefndin samþykkti að endurskoða vinnureglur Jöfnunarsjóðs frá 18. júlí 2016. Jafnframt samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að framlag vegna könnunar á sameiningu Djúpavogshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps, yrði fært út fyrir ramma vinnureglnanna sbr. a-lið 1. gr. rgl. nr. 295/2003, samtals að fjárhæð 10.000.000 kr. og nemi allt að 17,3 m.kr*

#### 5. Almennar og sérstakar húsaleigubætur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. október 2016 ásamt yfirlitum til kynningar yfir greiðslur, meðaltal húsaleigu og fjölda bótaþega vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta fyrir III. ársfjórðung 2016.

Fram kom að fækkun bótaþega virðist haldast í hendur við hækkun meðalhúsaleigu á námsgörðum og sambýlum á milli II. og III. ársfjórðungs 2016. Nefndarmenn ræddu um mikilvægi þess að koma upplýsingum sjóðsins um húsaleigubætur þannig fyrir inni á heimasíðu sjóðsins að þær mættu nýtast sveitarfélögunum sem best. Í þessu sambandi var bent á kerfi sem kallast Qlik sem er gagnaupplýsingakerfi þar sem notendur hafa möguleika á að nálgast lykiltölur með skjótvirkum, myndrænum og greinargóðum hætti. Bæði velferðarráðuneytið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar nota umrætt kerfi.

## 6. Framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts

### Áætlun um úthlutun framlaga 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2017, skv. reglugerð nr. 80/2001.

Útreikningur framlaga tekur mið af álagningarstofnum fasteignaskatts sem eru í gildi á árinu 2016 og álagningarhlutföllum þess árs. Á grundvelli reglugerðarinnar er fyrirframgreiðsla framlaganna innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2017.

Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí til september á grundvelli upplýsinga frá Fasteignaskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts miðað við 31. desember 2016, afslætti sveitarfélaga á árinu 2017 og álagningarhlutföll á árinu 2017.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4,282,5 m.kr. á árinu 2017 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2017.*

## 7. Tekjujöfnunarframlög

### Tillaga að áætlaðri úthlutun 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2016.

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna á grundvelli hámarks-tekjumöguleika sveitarfélaga. Eftirfarandi þættir eru lagðir þar til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2016, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands
- Hámarksálagning útsvars er 14,52%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2016 vegna álagningar 2015 er því 12,76%.
- Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a-lið 0,625%, skv. b-lið 1,320% og skv. c- lið 1,65%.
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 3,845 m.kr.
- Samkvæmt 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d -lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur þeirra eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi, miðað við fullnýtingu tekjustofna, er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
- Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga með 300-11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.

- Með tilvísun til ákvæða sem fram koma í 2. mgr. 5. liðar hér að framan var við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa var meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiddu til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.
- Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

*Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að jafnað yrði að 95,34% að meðaltali á hvern íbúa og að áætluð tekjujöfnunarframlög nemi 1.250 m.kr. á árinu 2016.*

*Á grundvelli ákvæða í 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, koma  $\frac{3}{4}$  hlutar framlagsins til greiðslu í október. Uppgjör framlaganna fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.*

## 8. Útgjaldajöfnunarframlög

### Tillaga að áætlaðri úthlutun 2017

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2017, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 7.050 m. kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 7.050 m.k. samkvæmt A-hluta.

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna. Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2016.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2016.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2016.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2016 vegna tekjuskerðingar. Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra eru talin vera sem hér segir:
  - a. Reykjavík
  - b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
  - c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
  - d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Með hliðsjón af því hve fá sveitarfélög uppfylla skilyrði til framlags vegna fækkunar íbúa, þegar miðað er við íbúatölur 1. júlí 2016, er lagt til að þeim sveitarfélögum sem reiknast með mjög há framlög vegna fækkunar verði gert viðvart og þeim gerð grein fyrir hugsanlegri lækkun framlaganna við endurskoðaða áætlun í febrúar.

*Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar nú kæmi áætlað útgjaldajöfnunarframlag á árinu 2017 á grundvelli 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010 samtals að fjárhæð 7.050 m.kr. skv. A-hluta.*

*Áætlunin verður tekin til endurskoðunar í febrúar 2017 á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2017 og endanlegs álagningarstofns útsvars fyrir árið 2015.*

*Þar sem ekki var hægt að leggja fram áætlun um úthlutun B-hluta útgjalda-jöfnunarframlagsins vegna skólaaksturs á fundinum ákvað nefndin að haldinn yrði símafundur 31. október til að ljúka afgreiðslu B-hluta framlagsins fyrir árið 2017.*

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

### 9. Drög að greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2017

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna yfirfærslu grunnskólans.

*Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna yfirfærslu grunnskólans 2017.*

### 10. Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

#### Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2017

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2017, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 7.200 m.kr. á árinu 2017. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjors framlaga fyrir árið 2015 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 7.260 m.kr. á árinu 2017.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2017:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2016.
- Upplýsingar um skólagæði.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2016.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2015 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2016.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2017 samtals að fjárhæð 7.260 m.kr.*

### 11. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. október 2016 ásamt yfirlitum yfir útreikninga áætlaðra framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fjárhagsárið 2017.

Í minnisblaðinu koma fram upplýsingar og forsendur sem liggja til grundvallar áætluðu útreiknuðu framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2017. Jöfnunarsjóði bærust umsóknir vegna 878 fatlaðra nemenda vegna ársins 2016. Þar af féllu 508 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 49 nemendur féllu ekki undir viðmið sjóðsins og umsóknir vegna 316 nemenda eru í bið.

Forsendur framlagsins miðast við fjölda grunnskólanemenda er falla undir 2. tl. 4. gr. A-hluta rgl. nr. 351/2002. Framlög vegna viðmiðunarstiga í vinnu- og viðmiðunarreglum sjóðsins hafa verið óbreytt frá árinu 2014 og tekur framlögð áætlun vegna fjárhagsársins 2017 mið af því eða samtals 967.800.000. Reykjavíkurborg fellur undir B-hluta 4. gr. rgl. nr. 351/2002 og fellur því ekki undir áætlunina.

*Nefndin samþykkti að hækka framlag vegna viðmiðunarstiga í vinnu- og viðmiðunarreglum sjóðsins fyrir fjárhagsárið 2017. Viðmiðunarstig I. hækkar úr 2,3 m.kr. í 2,6 m.kr. Viðmiðunarstig II. hækkar úr 1,2 m.kr. í 1,35 m.kr. Nefndin samþykkti áætlaða hækkun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fjárhagsárið 2017 til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar samtals að fjárhæð 1.090.050.000 kr. Áætlað framlag til Reykjavíkurborgar fjárhagsárið 2017 skv. samningi nemur samtals 1.231.720.000 kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2017 nema samtals 2.321.770.000.*

## **12. Önnur framlög 8. gr. rgl. 351/2002**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. október 2016 ásamt bréfi dags. 18. október 2016 og tölvupósti dags. 19. október 2016 frá Breiðsdalshreppi.

Í erindi Breiðdalshrepps er sótt um framlag vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskólans vegna skólaársins 2016/2017. Málsatvik eru rakin og er það mat Breiðdalshrepps að 370.000 – 430.000 kr. þurfi til að mæta íþyngjandi kostnaði skólans á mánuði í þessu tilviki.

*Nefndin samþykkti að mæta íþyngjandi kostnaði Breiðdalshrepps vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskólans skólaárið 2016/2017 með allt að 4.m.kr. framlagi sbr. 2. tl. 8. gr. rgl. nr. 351/2002 enda sé ljóst að rekstur sveitarfélagsins sé þungur.*

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS**

### **13. Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017**

Lögð voru fram drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

*Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2017 vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðs fólks 2017.*

### **14. Viðbótarframlög 2016**

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. október 2016 varðandi sérstök viðbótarframlög 2016 vegna málefna fatlaðs fólks sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016 ásamt yfirliti yfir mismunandi skiptingu sérstaka viðbótarframlagsins 2016.

Í minnisblaðinu kemur fram að á fundi nefndarinnar þann 24. júní sl. hefði tillaga um úthlutun 300 m.kr. sérstaks viðbótarframlags 2016 til þjónustusvæða málefna fatlaðs fólks verið samþykkt. Því framlagi hefur þegar verið úthlutað. Til umræðu hefur verið hvort ástæða væri til þess að hækka viðbótarframlagið á árinu 2016.

*Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til að hækka viðbótarframlagið frekar vegna 2016. Nefndin staðfesti óbreytta fyrri samþykkt um 300 m.kr. sérstakt viðbótarframlag 2016.*

## 15. Sólheimar

Á fundi ráðgjafarnefndar 21. september 2016 hafði ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkt að boða forsvarsmenn Sólheima á fund nefndarinnar til að ræða fjárhagsstöðu Sólheima. Fundargögn frá þeim fundi voru lögð fram til upprifjunar varðandi þróun framlaga og útsvarstekna til þjónustusvæða/sveitarfélaga, þróun framlaga til þjónustusvæðisins á Suðurlandi og þróun framlaga til Sólheima árin 2010 til 2015. Að auki var lagt fram erindi innanríkisráðuneytisins þar sem þess er farið á leit við ráðgjafarnefnd sjóðsins að hún leiti leiða til að koma til móts við stórar sjálfstæðar þjónustueiningar sem sinna heildstæðri þjónustu við fatlað fólk.

Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, mætti á fundinn. Lagði hann fram til kynningar ársreikninga Sólheima sjálfseignarstofnunar fyrir árin 2014 og 2015 ásamt upplýsingabæklingi um Sólheima. Guðmundur fór yfir sögu og starfsemi Sólheima, áherslur, framtíðarsýn og uppbyggingu stofnunarinnar. Sagði hann rekstur Sólheima vera mjög erfiðan þar sem stofnunin væri bæði að glíma við gríðarlega þungan uppsafnaðan rekstrarhalla og erfitt væri að láta þætti í starfsemi stofnunarinnar falla undir gjöld sem beint féllu að venjulegri þjónustu við fatlaða einstaklinga þar sem sérstaða þjónustunnar væri mikil.

## 16. Skálatún

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs ásamt bréfi Skálatúns bæði dags. 20. október 2016 um málefni Skálatúns.

Í erindi Skálatúns er ábendingu komið á framfæri vegna bókunar ráðgjafarnefndar frá fundi dags. 26. ágúst sl. varðandi fjármögnun Skálatúns. Áréttuð eru nokkur atriði varðandi fjárhasáætlanir, fjárveitingar og starfsemi Skálatúns m.a. Í minnisblaðinu er lagt fram yfirlit yfir þróun framlaga til Skálatúns árið 2010 til 2015 í samanburði við framlög sjóðsins til Sólheima.

*Lagt fram nefndinni til upplýsingar.*

## 17. Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. október 2016 ásamt afriti af bréfi til velferðarráðuneytisins dags. 4. október 2016 undirritað af bæjarstjóra Seltjarnarnesbæjar og sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Í erindinu kemur fram að sveitarfélögin muni ekki endurnýja samstarfssamning sinn um sameiginlegan rekstur þjónustusvæðis fyrir fatlað fólk en samningurinn rann út um mitt ár 2016. Sveitarfélögin munu vinna saman að yfirfærslu verkefna þar til fjárhagslegu uppgjöri lýkur þann 31. desember 2016. Þann 1. janúar 2017 mun Seltjarnarnesbær taka við faglegri og fjárhagslegri ábyrgð á þjónustunni og þar með framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk frá og með árinu 2017.

*Lagt fram nefndinni til upplýsingar.*

## 18. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 11. nóvember nk. Þann sama dag yrði stefnt að því að kveðja fráfarandi forstöðumann Jöfnunarsjóðs.

Fundi var slitið kl. 15:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson